

Ég er þræll
Já, ég veit
Þrællinn þinn
Tilbúinn
Við og við
Finn ég til
En þú, refsarinn, deyfir mig

Rífur í mig
Tuskar mig til
Slærð mig utanundir
Taugakerfið yfirgaf mig
Sé ekki handa minna skil

Sama hvert ég fer
Fylgir þú með mér
Þú veist, ég geri allt til að þóknast þér
Sama hvert ég hleyp
Fylgir þú um leið
Bundinn mér
Geri allt til að þóknast þér
Geri allt til að þóknast þér

Þú ert þræll
Já, þú veist
Fanginn minn
Viðbúinn
Við og við finn ég þig
Undirgefinn aumingi

Rífur í mig
Tuskar mig til
Slærð mig utanundir
Taugarkefið yfirgaf mig
Sé ekki handa minna skil
Sé ekki handa minna skil

Sama hvert ég fer
Fylgir þú með mér
Þú veist, ég geri allt til að þóknast þér
Sama hvert ég hleyp
Fylgir þú um leið
Bundinn mér
Geri allt til að þóknast þér
Geri allt til að þóknast þér